



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað
19. árgangur
Mars 2016



Í tíu ár...

...hefur Hreint boðið upp á persónulega þjónustu fyrir íbúa höfuðstaðar Norðurlands. Í tilefni af þessum tíma-
mótum bjóðum við nýjum viðskiptavinum á Akureyri
sérstakt tilboð. Þegar gerður er 12 mánaða samningur
er fyrsti mánuðurinn ókeypis ef samið er fyrir lok mars.

Hafðu samband og
fáðu tilboð fyrir
þitt fyrirtæki

554 6088
www.hreint.is



Reykjavík
Akureyri
Hveragerði
Selfoss
Akranes



Skoðið ávallt
leiðbeiningar um
notkun lyfsins

Ræðst gegn verkjum



Paratabs® – Öflugur verkjabaní!

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmmtun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lífrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lífrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðalosblóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langvarandi vannæringu. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lífrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetýlsalícýlsýru. Ef háir hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðganga og brjóstagjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstagjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolast almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lífrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Mars 2015.


Actavis



Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Úr starfi félagsins

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.
Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið

FÉLAGSMENN, TAKIÐ KVÖLDIÐ FRÁ!



Aðalfundur félagsins fer fram í
Menningarhúsinu HOFI á Akureyri
þriðjudaginn 12. apríl nk. kl. 19:30

BOÐIÐ UPP Á AKSTUR TIL AKUREYRAR

KAFFIVEITINGAR

HAPPDRETTI

Efnisyfirlit

- 6** Orlof 2016
- 6** Vika að eigin vali
- 8** Ný íbúð í Reykjavík
- 8** Hafðís E. Ásbjarnardóttir ráðin þjónustufulltrúi
- 8** Veðikortið
- 8** Gistimiðar á Fosshótelin
- 9** Gott að hafa í huga
- 10** Orlofsferðir Einingar-Iðju á árinu 2016
- 12** Útilegukortið
- 12** Dagpeningar úr sjúkrasjóði
- 12** Hækkun styrkja úr sjúkrasjóði
- 12** Gistimiðar á Keahótel
- 13** Náðu þér í KLUKK – tímaskráningarapp fyrir snjallsíma
- 13** Miðar í Hvalfjarðargöng
- 14** Ýmsar hagnýtar upplýsingar
- 15** Umsókn um orlofsbústað sumarið 2016
- 17 – 22** Orlofshúsin 2016
- 23** Greiðslumiðar á Edduhótelin
- 23** Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 24** Upprættum brotastarfsemi á vinnumarkaði
- 26** Sprawy urlopowe
- 27** ข่าวสารเกี่ยวกับการพักร้อน
- 28** Holiday matters
- 28** Ekki segja upp í veikindum
- 29** Vinnustaðafundur
- 29** Starfsmatið – ný heimasíða tekin í notkun
- 29** Punktakerfið tryggir sanngirni
- 30** Aðalfundur starfsgreinadeilda félagsins

*Starfsfólk Enor
sendir félagsmönnum Einingar-Iðju
orlofskveðjur*

 **ENOR**

Hafnarstræti 53
600 Akureyri

S 430 1800
E enor@enor.is

www.enor.is

Ferðafélag Íslands

Fjölbreytt starfsemi í yfir 86 ár

Upplifðu náttúru Íslands

Líf og fjör í starfseminni

Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag sem hefur það markmið að hvetja landsmenn til að ferðast og fræðast um landið. Áhugi á gönguferðum, fjallgöngum og útiveru hefur aldrei verið meiri og er mikið líf og fjör í starfseminni.

Allir finna eitthvað við sitt hæfi

Ferðafélagið leggur sig fram við að mæta þörfum breiðs hóps með miklu úrvali ferða. Í ferðaflóru félagsins er að finna allt frá söguferðum um grösugar sveitir til erfiðra jöklaferða. Í ferðaáætlun félagsins geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Á 86 árum hefur Ferðafélagið efnt til meira en 8.500 ferða með yfir 200.000 þátttakendum.

Öflug útgáfustarfsemi

Það eru allir velkomnir í Ferðafélagið og njóta félagsmenn sérkjara, bæði í ferðum, skálum og í fjölda verslana. Auk þess fá allir félagsmenn árbókina senda heim á hverju ári og er það hluti af árgjaldinu. Árbókin er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Auk árbókanna hefur Ferðafélag Íslands staðið að útgáfu handhægra fræðslu- og upplýsingarita um ferðamál, þjóðfræði og sögu landshluta.

Sjálfböðastarf í góðum félagsskap

Félagsstarfið hefur í gegnum tíðina einkennst af miklu sjálfböðastarfi. Félagar hafa unnið að byggingaframkvæmdum, farið vinnuferðir í skála eða í frágangsferðir, stikað og unnið að uppbyggingu gönguleiða, unnið við brúargerð og margt fleira. Í staðinn hafa þeir fengið fríar ferðir, fæði og félagsskap.

Samgöngubætur og uppbygging svæða

Félagið hefur unnið markvisst að samgöngubótum, lagt akvegi og brúað ár. Það hefur haft samstarf við sveitarfélög um landgræðslu, náttúruvernd og uppbyggingu svæða eins og t.d. í Landmanna-laugum, á Þórsmörk og Emstrum.

Sæluhúsin standa öllum opin

Sæluhús Ferðafélags Íslands og deilda félagsins úti um land eru þægilegir áningarstaðir á ferðalagi um öbyggðir Íslands. Þau eru á 36 stöðum víðsvegar um landið og getur allur almenningur nýtt þau óháð aðild að félaginu.

Aðal samstarfsaðilar FÍ



Orlof 2016

Þeir sem sækja um rafrænt flýta fyrir úthlutunarferlinu.

Ágætu félagar!

Enn er runninn upp sá tími ársins að ykkur berst í hendur orlofsblað félagsins, enda er daginn tekið að lengja og þá er tímabært að fara að huga að sumarleyfunum og þeim möguleikum sem eru í boði fyrir félagsmenn Einingar-löju. Í þessu orlofsblaði eru þeir möguleikar kynntir og ýmsar aðrar upplýsingar sem máli skipta fyrir félagsmenn sem hug hafa á að nýta sér þá orlofskosti sem í boði eru. Megináhersla er eins og áður lögð á að kynna þau orlofshús og orlofsíbúðir sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Sem fyrr býður félagið hús og íbúðir af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum.

Þó svo að orlofsblað félagsins sé borið inn á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu geta einungis félagsmenn sótt um þá valkosti sem í boði eru í sumar og fjallað er um í blaðinu.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín varðandi orlof og orlofsuppbót. Þá verður sagt frá orlofsferðum sumarsins, sem eru að þessu sinni fjórar, en nú stendur yfir

skráning í tvær þeirra, ferðina til Englands og í innanlandsferðina.

Ekki bara hús í boði

Að venju geta félagsmenn sótt um „Viku að eigin vali,” og keypt gistið á Fosshótel, gistið á nokkur KEA-hótel og greiðslumiða á Edduhótelin. Þá verður enn og aftur boðið upp á að kaupa Veðikortið og Útilegukortið á sérkjörum.

Gæludýr

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins, nema í húsi sem félagið leigir í Kötluholti í Biskupstungum. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp og því er komið inn í leigusamning að leigutaki skuldbindur sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

Notið félagavefinn

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um orlofshús og orlofsstyrki á rafrænan hátt á félaga-vefnum sem er á www.ein.is, nánar er fjallað um félagavefinn í blaðinu. Umsóknareyðublað

fylgir samt með orlofsblaðinu eins og undanfarin ár, en við hvetjum alla sem geta til að sækja um á rafrænan hátt. Það flýtur mikið fyrir úthlutunarferlinu. Ef upp koma tilvik þar sem fleiri en einn félagsmaður býr á heimili og ekki er hægt að nota félagavefinn þá er hægt að prenta umsóknarblaðið út á heimasíðu Einingar-löju, www.ein.is eða koma við á skrifstofum félagsins og fá umsóknarblað.

Allar nánari upplýsingar um orlofshús eru veittar á skrifstofu Einingar-löju á Akureyri, í síma 460 3600, sigrun@ein.is eða á www.ein.is og þar fer skráning einnig fram. **Síðasti skiladagur umsókna er föstudagurinn 1. apríl**, en úthlutun fer fram nokkrum dögum síðar. Þeir sem fá úthlutað þurfa að vera búnir að **ganga frá greiðslu í síðasta lagi 22. apríl**. Í lok apríl verður opnað á netinu fyrir laus hús. Þá gildir fyrstir koma, fyrstir fá.

Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi og minnir á að ýmsar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað sem máli skiptir koma fram í blaðinu og því er mikilvægt að geyma það og hafa við höndina.

Vika að eigin vali!

Undanfarin ár hefur félagið haft í boði styrki sem kallast „**Vika að eigin vali**” og hafa þessir styrkir verið vel nýttir af félagsmönnum. Í ár mun félagið verja allt að kr. 5.400.000 í „**Vika að eigin vali**.” Félagsmenn geta sótt um 270 slíka styrki, hver að upphæð kr. 20.000 og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum. Hægt er að sækja um á umsóknarblaði sem fylgir með orlofsblaðinu, en best er að senda inn rafræna umsókn á félagavef Einingar-löju. Skilafrestur umsókna er föstudagurinn 1. apríl nk.

Hægt er að nota fjárhæðina t.d. til leigu á orlofshúsi (**ATH! ekki þau sem eru í eigu Einingar-löju**), hótélherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, flugfar innanlands eða erlendis, allt eftir óskum hvers og eins.

Hámark á hvern félagsmann er eins og áður segir kr. 20.000, en þó aldrei hærri en 50% af kostnaði.

Dregin verða 18 punktar af þeim félagsmönnum sem nýta sér alla upphæðina og hlutfallslega fyrir lægri upphæð. Greiðsla fer fram eftir að ferðalagi lýkur en félagsmenn þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð.

„**Vika að eigin vali**” gildir fram til áramóta. Það þýðir að þeir sem fá úthlutað þurfa að koma með reikninga eða farseðla fyrir næstu áramót til að fá endurgreitt.

ATH! Framvísa þarf löglega númeruðum vsk. reikningum eða farseðlum!

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í BRUSSEL

Verð frá **15.500*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvorrar mínútu

Byggingarnar í Brussel urðu ekki til á einum degi. Og því er ástæðulaust að ætla sér að sjá þær allar á hraða ljóssins. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Virða fyrir sér smáatriði dómkirkjunnar. Finna ilminn af blómunum við Grand Place torgið. Sötra belgiskan bjór á götukaffihúsi eða dást að handverki belgískra súkkulaðimeistara. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

[Twitter](#) [Facebook](#) [Instagram](#) [YouTube](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR 7 

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

Ný íbúð í Reykjavík

Skrifað var undir samning í lok síðasta árs um leigu á íbúð í Rauðarástíg 33 íbúð 302 í Reykjavík. Um er að ræða þriggja herbergja íbúð, 83 fermetra, á 3. hæð. Lyfta er í húsinu og með henni fylgir bíla-stæði í bílakjallara.

Íbúðin er nú þegar komin í leigu, en ástæðan fyrir þessari leigu er að eigandi íbúðar á 6. hæð í Ásholtinu, sem félagið hefur verið með á leigu undanfarin ár, ákvað að framlengja ekki leigusamninginn og því mun félagið missa þá íbúð 30. apríl nk.



Hafdís E. Ásbjarnar-dóttir ráðin þjónustufulltrúi

Nýlega auglýsti félagið eftir þjónustufulltrúa til starfa á Akureyri og bærust 61 umsókn til félagsins.

Capacent sá um ráðningarferlið og er búið að ráða í starfið. Nýr starfsmaður félagsins heitir Hafdís E. Ásbjarnardóttir og mun hún hefja störf þann 1. apríl nk.



Hafdís útskrifaðist með ML gráðu í lögfræði frá Háskólanum á Akureyri 2014. Hún hefur meðal annars starfað hjá starfsmannabjónustu Akureyrarbæjar og hjá Landsbankanum.

Veiðikortið

- aðeins kr. 2.500 til félagsmanna

Eining-löja býður félagsmönnum sínum að kaupa Veiðikortið á sérkjörum. Kortið er til sölu á skrifstofum félagsins á aðeins kr. 2.500 en fullt verð er kr. 6.900.

Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang í 35 veiðivötn víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Veiðikortið er að hefja sitt tólfta starfsár og má segja að frá fyrsta degi hafi það notið mikilla vinsælda. Enda fjölgar sífellt í þeim hópi sem kys að njóta heilbrigðrar útiveru með fjölskyldu við vötn og veiðar. Nú gefst fólki kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmri eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með Veiðikortinu fylgir veglegur bæklundur með ýtarlegum upplýsingum, reglur, lýsingar eru á veiðisvæðum, kort og myndir.

Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Eiganda kortsins ber að merkja kortið á bakhlið með kennitölu sinni. Veiðimönnum ber að virða þær reglur sem kynntar eru á upplýsingasíðum vatnanna, en mismunandi reglur geta gilt á milli vatnasvæðanna.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is



Gistimiðar á Fosshótelin

Eining-löja er með til sölu niðurgreidda gisti-miða á öll Fosshótel landsins fyrir félagsmenn. Miðana er hægt að nota allt árið, jafnt sumar sem vetur. Verð miða er kr. 8.500 og gildir

hann fyrir árið 2016. Hver miði gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háannatíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum.

Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-löju. Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, sérstaklega í júní, júlí og ágúst. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða og athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef þið ætlið að nota gistimiða.

Fosshótel bjóða upp á gistingu á níu hótélum og er í boði fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða tveggja til þriggja stjörnu heilsárshótel. Fosshótelin eru reyklaus hótel.

Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Munið eftir www.ein.is



Gott að hafa í huga...

Komutími - brottför

Leigutaka ber að vitja lykla á auglýstum tíma! Ef einhver töf verður er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu. Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

Umgengni

Orlofshúsin eru sameign okkar allra og það er nauðsynlegt að við sam-
einumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa
það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim.
Orlofshúsagestir eru vinsamlegast beðnir um að reykja ekki innanhúss.
Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má
búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Reykskynjarar eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu
sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í stað-
inn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi
smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna
verða þau að virka rétt.

Bannað!

Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá
úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður
verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar
brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu
orlofshúsa.

Ekki er leyfilegt að vera með gæludýr í orlofshúsum eða orlofsíbúð-
um Einingar-löju. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp
í kjölfar slíks. Brot á þessu varðar tafarlausri brottvísun úr húsum eða
íbúðum auk greiðslu sektar upp á kr. 25.000.

ATH! Leyfilegt er að hafa gæludýr í Kötluholti.

Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá
vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt
að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 460 3600.

Ábyrgð

**Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann
þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél, bakaraofn og örbylgjuofn,
skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig þrifa heita potta ef þeir
eru. Stilla skal ofna á 1-2, loka gluggum og hurðum vandlega,
taka rafmagnstæki úr sambandi og skila lykli á sinn stað. Komið
ábendingum og athugasemdum, ef einhverjar eru, til umsjónar-
manna eða á skrifstofu Einingar-löju.**

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklyðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélag



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



Orlofsferðir Einingar-löðu á árinu 2016

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kýs fjóra félagsmenn í nefndina, og skulu þeir ekki eiga sæti í stjórn félagsins, en auk þeirra á formaður félagsins, og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Undanfarin ár hafa þrjár ferðir verið í boði; utanlandsferð, „Fjallaferð“ innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn, að auki var boðið upp á borgarferðir til Dublin og til Berlínar í samvinnu við Ferðaskrifstofu Akureyrar á síðasta ári. Í ár verður að venju boðið upp á þessar þrjár hefðbundnu ferðir auk þess sem ákveðið er að bjóða upp á aðventuferð til Kaupmannahafnar. Síðasti dagur til að skrá sig í Englandsferðina og innanlandsferðina er 15. apríl nk.

England - Lágmarkspátttöku náð - Nokkur sæti laus!

Farið verður til Englands dagana 10. til 20. ágúst 2016. Hámark 50 manns. Flogið verður frá Egilsstöðum til London og þaðan aftur til Egilsstaða. Gist verður í 3 nætur í Bath, tvær nætur í Chester, 2 nætur í York og 3 nætur í London. Gist verður í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Ekki er ákveðið hver verður leiðsögumaður, en bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 285.000 á mann. Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 40.000.

Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- ♦ Akstur: Allur akstur erlendis.
 - ♦ Flug: Egilsstaðir – London - Egilsstaðir.
 - ♦ Gisting: 10 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
 - ♦ 8 kvöldverðir innifaldir erlendis.
- (Athugið! Ekki fyrsta daginn í ferðinni og frjálsa daginn í London)
- ♦ Sigling í London.

Ekki innifalið í verði:

- ♦ Ferðir innanlands og aðgangseyrir í söfn í Englandi

ATH! Boðið verður upp á rútuferð austur á Egilsstaði 10. ágúst og heim til Akureyrar 20. ágúst.

Ferðalýsing:

Miðvikudagur 10. ágúst 2016

Flug Egilsstaðir – London. Komum til London Gatwick kl. 17:00 þar sem stigið verður upp í rútu og keyrt til Bath (223 km). Stoppað verður við Stonehenge og steinhringirnir þar skoðaðir. Kvöldverður verður snæddur á leiðinni, en hann er ekki innifalinn. Bath er afar töfrandi bær og af mörgum talinn sá fegursti á Englandi með öllum sínum fögru gördum og göngustígum. Þar gætir sterkra ítalskra áhrifa. Rómverjar dvöldu lengi í borginni og skildu eftir sig merkar fornminjar og hugmyndir þeirra um borgarskipulag má sjá í Bath. Torgin í borginni eru sérstaklega falleg og minna mjög á ítalskar miðaldarborgir. Rómversku böðin í miðborginni eru stórkostleg.

Fimmtudagur 11. ágúst 2016

Farið verður í morgunferð um bæinn Bath og ýmislegt skoðað. Seinni partinn er frjálst tími til að skoða t.d. tehus og böð. Kvöldverður og gist í Bath.

Föstudagur 12. ágúst 2016

Farið verður í skoðunarferð til Cardiff. Að henni lokinni verður farið í stutta gönguferð. Farið verður í velskan kvöldverð þar sem boðið verður upp á velska tónlist og afþreyingu. Gist í Bath.

Laugardagur 13. ágúst 2016

Ekið frá Bath til Chester (275 km) Á leiðinni verður ekið um fallegt landsvæði, héraðið Cotswold, sem gjarnan er litið á sem hjarta Englands sökum þess hversu vel íbúunum þar hefur tekist að varðveita gamlar byggingar og hús með sínum sérstaka byggingarstíl. Einstaklega fallegt landslag með skógivaxnar hlíðar og víðáttumikil engi þar sem stöku lækir eða ár setja svip sinn á leiðina. Stoppað verður í Cheltenham, en byggð þar er afar falleg þar sem nýklassískur byggingarstíll er afar áberandi. Komið verður til Chester seinni part dagsins. Kvöldverður á veitingastað við árbakka í Chester.

Sunnudagur 14. ágúst 2016

Þennan dag er hægt að velja um tvennt, tvo frábæra viðburði þar sem hægt er að skoða það besta sem borgin hefur upp á bjóða. Annars vegar er hægt að skoða 2000 ára sögu Chester með því að keyra um í opinni rútu, m.a. framhjá Chester kastala, miðalda byggingum og rómönskum hringleikahúsum. Á eftir verður farið í stutta siglingu á ánni Dee. Hins vegar er hægt að skoða dýragarð í Chester, sem er með meira en 7.000 dýrum og 400 mismunandi tegundum. Kvöldverður og gist í Chester.

Mánudagur 15. ágúst 2016

Ekið frá Chester til York (175 km). Á leiðinni verður stoppað í Liverpool til að skoða nýuppgerð hafnarsvæði og auðvitað að heimsækja Bítlasafnið. Áfram verður haldið og ekið meðfram Pennine Way og í gegnum fallegan þjóðgarð sem heitir Peak District. Komið verður til York seinni partinn. Kvöldverður og gisting í York.



Priðjudagur 16. ágúst 2016

Um morguninn verður farið í skoðunarferð um York. T.d. verður farið að hinu heimsfræga Jorvik Viking Center. Einnig verður farið að einni fegurstu dómkirkju í heimi, York Minster, sem er hreint meistaraverk úr lituðu gleri og steini með rætur í elstu sögu þjóðarinnar. Kvöldverður og gist í York.

Miðvikudagur 17. ágúst 2016

Ekið frá York til London (350 km.), skoðunarstopp í Cambridge, sem er einn af frægustu háskólabæjum Bretlands. Hér er hægt að fara í gönguferð með leiðsögumanni og sjá merkilegar háskólabýggingar. Komið verður til London síðla kvölds.

Fimmtudagur 18. ágúst 2016

Ein af bestu leiðum til að skoða London er að sigla á ánni Thames. Slik skoðunarferð mun leiða þig í gegnum 2.000 ára sögu með því að sjá frægustu staði borgarinnar. Allt frá þinghúsinu (Houses of Parliament) til Tower of London, áfram til kastalans Royal Palace í Greenwich. Þarna getur þú siglt áhyggjulaust í gegnum London og notið þess sem borgin hefur upp á að bjóða á meðan leiðsögumaðurinn er að segja frá öllu í kring. Kvöldverður og gist í London.

Föstudagur 19. ágúst 2016

Frjáls dagur til að skoða London í allri sinni dýrð. Gist verður í London.

Ath! Kvöldverður er ekki í boði þetta kvöld.

Laugardagur 20. ágúst 2016

Frjáls tími um morguninn áður en farið verður út á Gatwick-flugvöll, en flogið verður seinnipartinn aftur til Íslands.

Borgarfjörður-Snæfellsnes

Fjögurra daga vorferð verður farin suður í Borgarfjörð og á Snæfellsnes 27. til 30. júní 2016, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns.

Mánudagur:

Lagt upp frá Akureyri, með viðkomu í Varmahlíð þar sem leiðsögumaður slæst í hópinn. Ekið sem leið liggur í Hnappadalinn, með viðkomu í t.d. Borgarvirkí, Bifröst og fleiri stöðum, eftir því sem tími og veður leyfir. Einnig er kjörið að skoða nærumhverfi hótelsins þegar þangað er komið.

Priðjudagur:

Hringferð um Borgarfjörð. Gist á Hótel Eldborg.

Miðvikudagur:

Ekinn hringurinn á Snæfellsnesi með viðkomu í sjávarþorpum og öðrum áhugaverðum stöðum þar. Aftur er gist á Hótel Eldborg.

Fimmtudagur:

Farið í Stykkishólm, nágrenni bæjarins skoðað, sem og gamli bærinn þar. Ekið um Skógarströnd og Bröttubrekku áleiðis heim. Ýmsir staðir skoðaðir á leiðinni, eftir því sem tími og veður leyfir. Ekið heim á leið, með viðkomu í Varmahlíð þar sem leiðsögumaður kveður hópinn.

Ferðin kostar kr. 33.000 á mann. Innifalinn er allur akstur, gisting í svefnþokaplássi og leiðsögn. Óafturkræft staðfestingargjald er 10.000 krónur.

Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nesta sig sjálft.

Leiðsögumaður Kristín Sigurrós Einarisdóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Eins dags ferðin

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin 22. júní 2016. Farið verður vestur í Húnavatnssýslur. Fyrst verður farið eins og leið liggur til Hvammstanga og þar snæddur hádegisverður. Síðan verður farið fyrir Vatnsnesið og komið við á Blönduósi. Þaðan verður farið yfir Þverárfjall og kaffi drukkið á Sauðárkróki. Að því loknu verður farið yfir Öxnadalshéið og til Akureyrar á ný.

Ferðin kostar 6.000 krónur á mann.

Aðventuferð til Kaupmannahafnar í desember 2016

Félagið mun bjóða upp á aðventuferð til Kaupmannahafnar í byrjun desember 2016 sem verður nánar auglýst síðar.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, sími 460 3600.

Nú stendur yfir skráning í utanlandsferðina til Englands og innanlandsferðina.

Athugið að síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.



VIÐ TÓKUM
ÁKVÖRÐUN:
AÐ VEITA BESTU
BANKAÞJÓNUSTU
Á ÍSLANDI ...

... svo þú eigir
auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Við tökum vel á móti þér í næsta
útibúi og á islandsbanki.is

islandsbanki.is

Netspjall

Sími 440 4000

Facebook


islandsbanki

Útilegukortið

Sumarið 2016 býður Eining-löja félagsmönnum enn og aftur upp á að kaupa Útilegukortið. Fullt verð er kr. 15.900 en verð til félagsmanna er kr. 9.000.

Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á 41 tjaldsvæði samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistingu á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistinguáttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfelld í hvert skipti. Korthafar verða því að framvísa kortinu fyrir hverja nótt sem gist er á tjaldstæðinu og verður þá ein gistingu strikuð út hverju sinni. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin.

Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

Ath! gistinguáttaskattur er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is



Dagpeningar úr sjúkrasjóði



Frá árinu 2016 er útgáfu skattkorta hætt en í staðinn er notaður rafrænn persónuafsláttur og þar sem skattkort eru orðin rafræn er ekki lengur hægt að skila þeim inn til félagsins. Því þurfa félagsmenn að skrifa undir beiðni um nýtingu persónuafsláttar, þ.e. ef félagið á að nýta hann, þegar skilað er inn umsókn um dagpeninga.

Ef skráning á nýttum persónuafslætti er ekki í samræmi við nýjustu upplýsingar af vefsvæði Ríkisskattstjóra getur

ofnýting átt sér stað. Ríkisskattstjóri kann í slíkum tilfellum að óska eftir því að félagið hætti að nýta persónuafslátt tímabundið. Það er því mikilvægt að upplýsingar frá RSK séu sóttar á vefsvæði sama dag og beiðni þessi er send Einingu-löju. Ef athugasemd fylgir yfirliti yfir nýtingu á persónuafslætti þínum á vefsvæði RSK kann að vera nauðsynlegt að þú hafir samband við Ríkisskattstjóra til að fá ítarlegari upplýsingar um persónuafslátt og hvernig hann megi nýta.

Hækkun styrkja úr sjúkrasjóði



Á fundi stjórnar sjúkrasjóðs félagsins sem fram fór í desember var samþykkt að hækka ýmsa styrki sem greiddir eru úr sjúkrasjóði félagsins.

Frá og með 1. janúar sl. hækkuðu því styrkir vegna kaupa á heyrnartækjum og gleraugnaglerjum úr kr. 15.000 í kr. 25.000 á þriggja ára fresti. Styrkur vegna

líkamsræktar hækkaði úr kr. 10.000 í kr. 15.000 á ári. Aðrir styrkir, s.s. laseraðgerðir á augum og glasa/tækni-frjógvun sem hafa verið kr. 30.000 hækkuðu í kr. 40.000.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má lesa meira um styrki og dagpeninga sem greiddir eru úr sjúkrasjóðnum.



Gistimiðar á Keahótel

Hjá félaginu eru til sölu fyrir félagsmenn gistimiðar á nokkur Keahótel sem niðurgreiddir eru af Einingu-löju. Miðarnir eru til sölu á öllum skrifstofum félagsins.

Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun verður að koma fram að greitt verði með gistimiða. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn á öllum hótélum Keahótela.

ATHUGIÐ! Ekki er hægt að nota þessa miða um jól og áramót.

	16. maí -30. september	1. október - 15. maí
Hótel Kea Akureyri	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 16.400,-	Kr: 11.900,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 21.200,-	Kr: 15.700,-

	16. maí -30. september	1. október - 15. maí
Hótel Norðurland Akureyri	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 13.500,-	Kr: 8.200,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 17.500,-	Kr: 11.200,-
Reykjavík Lights / Skuggi hótel / Storm hótel í Reykjavík		
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 15.900,-	Kr: 10.100,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 20.800,-	Kr: 13.400,-

Náðu þér í KLUKK - tímaskráningarapp fyrir snjallsíma

Klukk er nýtt ókeypis tímaskráningarapp fyrir Android/iOS sem er ætlað að hjálpa launafólki að halda utan um vinnustundir.

Notandi skráir vinnutímana sína með Klukk og hefur þannig yfirsýn yfir unnar vinnustundir. Í klukk er hægt að virkja staðsetningarbúnað sem minnir notandann á að klukka sig inn og út. Einnig má á einfaldan hátt fá tíma-skýrslu senda í tölvupósti sem Excel skjal. Þannig má á auðveldan hátt nálgast yfirlit yfir unna tíma í mánuði og bera saman við greiddar vinnustundir á launaseðli. Þannig hjálpar Klukk upp á að þú fáið rétt greitt frá þínum launagreiðanda.


Klukk er ókeypis og er komið í Appstore (Iphone) og Playstore (Android). Félagsmenn eru hvattir til að ná í appið og byrja að prófa.

Nánari upplýsingar um appið má finna á www.asi.is/klukk



Miðar í Hvalfjarðargöng

Minnt er á að hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum Einingar-löðu á Akureyri, Siglufirði og Dalvík. Hver miði kostar aðeins kr. 635. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey, á Grenivík og í Grímsey.




Starfsfólk Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar
sendir félagsmönnum Einingar-löðu
orlofskveðjur



ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
EYJAFJARÐAR

Orlof 2016

Orlofsstaðir Einingar-löðu 2016



Eining - löða

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2016.

	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lín	Handklæði	Klútar	Sturtu	Ísskápur	Eldavél	Örb.ofn	Borðbún.	Grill	Útvarp	Sjónvarp	H.pottur	Skiptid.	Verð
Illugastaðir	45	6	umsjónm.	6	*	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	24.000
Einarstaðir	45	6	umsjónm.	6	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	24.000
Tjarnargerði	81	9	já	9	nei	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	já	föstud.	28.000
Svínaskarð	75	8	já	8	nei	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	24.000
Flókalundur, Vatnsfirði	40	6	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	kola	já	já	**	föstud.	21.000
Útgarður 6, Egilsst.	81	5+	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	nei	föstud.	26.000
Ljósheimar 12a, R.vík	96	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	27.000
Ljósheimar 14a, R.vík	82	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	27.000
Sólheimar 27, 7. hæð, R.vík	83	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	27.000
Sólheimar 27, 4. hæð, R.vík	101	6	já	6	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	27.000
Ásholt 2, R.vík	108	6	já	7	*	nei	já	já	já	já	já	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	27.000

Leigu- og skiptibústaðir

Einarstaðir	45	6	umsjónm.	6	*	*	já	já	já	já	já	10	gas	já	já	já	föstud.	24.000
Munaðarnes	52	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	kola	já	já	já	föstud.	24.000
Brekkuskógur	46	6+	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6-10	kola	já	já	já	föstud.	24.000
Ólfusborgir	50	5+	já	7	*	nei	nei	já	já	já	já	8	gas	já	já	já	föstud.	24.000
Bjarteyjarsandur	57	6+	já	8	*	já	já	já	já	já	nei	12	gas	já	já	já	föstud.	24.000
Úlfjótssvatn	55	5 +	umsjónm.	8	nei	nei	já	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	já	föstud.	24.000
Kötluholt	65	6+	já	7	nei	nei	já	já	já	já	já	8-12	gas	já	já	já	föstud.	24.000
Garðshorn	60	7+	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	gas	já	já	nei	föstud.	21.000
Klifabotn	50	6-8	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	10-12	kola	já	já	nei	föstud.	21.000

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni

** Heitur pottur við sundlaug

+ Svefnloft, dýnur eða gestarúm.

Punktafrádráttur fyrir hús og íbúðir er 24 fyrir fyrstu tvær vikur og síðustu viku sumarsins en 36 fyrir aðrar sumarvikur.

Umsækjandi: _____

Kennitala: _____

Heimili: _____

Póstfang: _____

Vinnustaður: _____

Sími: _____

Vinnusími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað og tímabil.

Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5, 6 til vara.

Athugið að þið getið ekki sótt um skyggðar vikur.

ATH! Merkið ekki í fleiri en 6 reiti samtals !!

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
	3.jún til	10.jún til	17.jún til	24.jún til	1.júl til	8.júl til	15.júl til	22.júl til	29.júl til	5.ágú til	12.ágú til	19.ágú til	26.ágú til
Fjöldi húsa	10.jún	17.jún	24.jún	1.júl	8.júl	15.júl	22.júl	29.júl	5.ágú	12.ágú	19.ágú	26.ágú	2. sep
Landssvæði													
Klifabotn í Lóni	1												
Garðshorn	1												
Bjarteyjarsandur	1												
Brekuskógur	2												
Einarsstaðir	3												
Egilsstaðir	1												
Illugastaðir	6												
Tjarnargerði	1												
Flókalundur	1												
Svignaskarð	1												
Munaðarnes	1												
Úlfjótswatn	1												
Kötluholt	1												
Ölfusborgir	1												
Reykjavík	5												
Punktafrádráttur:	24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24

Vika að eigin vali

20.000.- kr. 18 punktar í frádrátt.

Síðasti skiladagur umsókna er 1. apríl 2016

Fyrir
frimerki

Eining-Íðja Skipagötu 14 600 Akureyri!

FÁÐU FRÉTTIRNAR BEINT Í ÆÐ!

Heimasíðan er aðgengileg fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

www.ein.is - lifandi vefur þar sem þú finnur m.a.

Fréttir
Félagavefinn
Upplýsingar
Kjarasamninga
Kaup-taxta
Lög og reglugerðir

Skráðu þig á póstlista félagsins!

EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

Eining-Íðja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð / 460 3600



Skannaðu kóðann og kíktu á www.ein.is



Átta íbúðir í Reykjavík



Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna, en ekki allir. Orlofsíbúðir félagsins í Reykjavík eru mikið notaðar allan ársins hring af félagsmönnum Einingar-löju.

Félagið er nú með í notkun átta íbúðir í Reykjavík, á sjö en leigir eina. Tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir. Íbúðirnar eru allar miðsvæðis í borginni og því mjög vel staðsettar.

Tvær íbúðir í Sólheimum

Félagið á tvær íbúðir í fjölbýlishúsinu Sólheimar 27. Önnur íbúðin er 104 m² fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð og hin er 89 m² þriggja herbergja íbúð á sjöundu hæð.

Tvær íbúðir í Ljósheimum

Eining-löja á tvær orlofsíbúðir í fjölbýlishúsum við Ljósheima, báðar eru þær fjögurra herbergja. Íbúðirnar eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hvorri íbúð er svefnpláss fyrir sex manns.

Tvær íbúðir í Ásholti

Félagið á tvær íbúðir í Ásholti 2, önnur íbúðin er notuð sem sjúkraíbúð og er á 3. hæð. Hin íbúðin er á 4. hæð og er einstaklega glæsileg. Hún er fjögurra herbergja, 107 m² að stærð.

Íbúð í Rauðarárstíg 33 – Nýtt 2016 –

Fyrir á árinu tók félagið á leigu eina íbúð í Rauðarárstíg 33, íbúð 302. Um er að ræða þriggja herbergja íbúð, 83m², á 3. hæð. Lyfta er í húsinu og með henni fylgir bílastæði í bíla kjallara.

Íbúð í Sóltúni

Sjúkrasjóður félagsins keypti í byrjun árs 2014 eina íbúð í Sóltúni 30.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.

Illugastaðir í Fnjóskadal



Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður og vert að benda á að félagið á þar eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Eining-löja á fjórtán orlofshús að Illugastöðum sem öll eru með heitum pottum. Nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarféлага í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður, ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (45 km frá Akureyri). Fnjóskadalur státar af náttúrufegurð og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítill verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með leiktækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vagla-skóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsunum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.

Veist þú að
Verktakar njóta ekki
sama réttar og launafólk

Orlofshúsin 2016

Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tíma-bundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Húsið er vel búið með heitum potti og með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúrufegurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúru-perlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 Akureyri.



Reynsla – Metnaður – Skemmtun
Experience – Ambition – Fun



Tanni Travel
Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland
tannitravel@tannitravel.is
+354-476-1399
www.tannitravel.is

www.meet4locals.is

Einarsstaðir á Héraði



Viðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrufegurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsunum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælsta á landinu.

Í orlofshúsaðverfinu á Einarsstöðum hefur Eining-löja til umráða þrjú hús. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta frið í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins, en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum austfirðinga eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja veginni milli Egilsstaða og Hallormsstaða.

Talnalás er á húsinu.
Upplýsingar eru á leigusamningi.

Orlofsíbúð á Egilsstöðum



Eining-löja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgard 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda - væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Íbúðin var öll tekin í gegn fyrir sumarið 2013 og er öll hin glæsilegasta. Egilsstaðir er höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægt vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-löju á Egilsstöðum er þriggja herbergja og að sjálfsögðu búin öllum helstu heimilistækjum. Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sólballur og skjólveggir.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-löju í Skipagötu 14 á Akureyri.

Klifabotn í Lóni



Orlofshúsaðveðið Klifabotn í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löju. Þar ríkir enda skaftfells kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-löja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúmgott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægíagurt og stórbrotið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lönsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lönsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.

Talnalás er á húsinu.
Upplýsingar eru á leigusamningi.



Glerárgötu 34 - 600 Akureyri | Þórunnartúni 2 - 105 Reykjavík
Sími: 464 6400 | raftakn@raftakn.is | www.raftakn.is

Veist þú að

Fyrir hvern mánuð vinnur þú þér inn að lágmarki tvo daga í fri á launum.

Garðshorn í Ölfusi



Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðveginum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins. Við bústaðinn er nýlega byggt gestahús.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6 til 8 manns.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

**Veist þú að
Allt launafólk
á rétt á orlofi**

Brekkuskógur í Biskupstungum



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofssvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagasti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallegt umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu.

